

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 17. janúar 2023  
UST202301-089/G.S.Á.  
08.06.02

**Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Akureyri, geymir nr. 12, T0073**

Umhverfisstofnun barst þann 5. janúar 2023, þykktar- og segulsviðsmælingar á olúgeymi Olíudreifingar ehf., Krossanesi, Akureyri. Geymirinn er merktur nr. 12, hefur fastanúmerið T0073 og eigendanúmerið 600.12.00, og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraradila í Krossanesi, Akureyri. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 2011.

Þykktar- og segulsviðsmælingarnar framkvæmdi Gísli Arnar Guðmundsson hjá HD ehf., Kópavogi, þann 7. desember 2022. Notaðir voru MFE MK IV Tank Floor Scanner. Serial No.MK4-0016-A-TFS og Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., að geymir sé í mjög góðu ásigkomulagi, bæði að innan og utanverðu og að geymirinn sé málaður að innanverðu. Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
*Sérfræðingur*

Kristín Kröyer  
*Sérfræðingur*